

Tilkynning Sæbýlis ehf til Skipulagsstofnunnar.

Komið þið sælir,

Sæbýli ehf kt. 521007-0600 óskar eftir að Skipulagsstofnun taki afstöðu til hvort starfsemi þess sé matskyld. Starfssvæði félagsins er að Búðarstíg 23, 820 Eyrarbakka.

Allt eldi félagsins fer fram á landi í SustainCycle eldiskerfinu sem framkvæmdastjóri þess hefur þróað undanfarin 24 ár. Stærð eldisstöðvar verður undir 200 tonnum. Núverandi húsrými leyfir 70 tónna eldi.

Kostir SustainCycle og staðsetningar þess:

1. 80% til 90% eldisvökvans er hreinsaður og endurnýttur.
2. Eldiskerfið félagsins er hannað með sjálfbærni í huga til þess að lágmarka öll umhverfisáhrif.
3. Eldiskerfið félagsins er hannað þannig að lítið sem ekkert fóður fer til spillis og því koma nánast engar fóðurleyfar frá eldinu.
4. Viðtakinn fyrir utan eldisstöð félagsins er opið Atlandshafið.
5. Nákvæmt bókhald er haldið yfir allt eldi félagsins.
6. Einungis er notuð vistvæn orka til eldisins.

Vinnsamlegast látið mig vita ef frekari upplýsingar vantar.

Virðingarfyllst,
Ásgeir Eiríkur Guðnason.
Framkvæmdastjóri Sæbýlis ehf.

From: Ásgeir Guðnason <asgeir@saebyli.is>
Subject: Re: Eldi á sæeyrum á Eyrarbakka
Date: 27 September 2017 at 08:46:42 GMT
To: Jakob Gunnarsson <jakob@skipulag.is>

Sæll Jakob,

Svörin eru hér fyrir neðan, vinsamlegast láttu mig vita ef eitthvað er óskýrt.

Bestu kveðjur,
Ásgeir

On 24 Sep 2017, at 13:20, Jakob Gunnarsson <jakob@skipulag.is> wrote:
Sæll

Nokkrar spurningar sem svara þarf áður en Skipulagsstofnun kemst að niðurstöðu um þessa starfsemi:

- Það vantar upplýsingar um þær lifverur sem eldið tekur til

Sæbýli er með Sæeyru haliotis discus hannai og haliotis rufescens.

- Er fyrirhugað eldi 70 tonn áfram? Getur þú upplýst hvort eldið sem þið eruð að undirbúa, felur í sér breytingar á mannvirkjum þannig að til þess þurfi framkvæmdaleyfi eða byggingarleyfi frá sveitarfélaginu? Eða verða engar breytingar á mannvirkjum? Hvert er umfang núverandi mannvirkja og ef gera á breytingar eða stækka hvert er umfang þeirra eftir breytingar?

Sæbýlli á 1650fm hús sem dugar fyrir 70 tonna eldi, húsið var upphaflega byggt sem fiskvinnsluhús, starfsemin krefst enngar breytinga á því húsi.

Það mun taka næstu 3 árin að byggja upp þennan 70 tonna lífmassa, eftir það verða teknar ákvarðanir varðandi stærra eldi.

- Getur þú að öðru leyti upplýst hvaða leyfi starfsemin starfar eftir, væntanlega starfsleyfi og rekstrarleyfi sem gott væri að fá afrit af

Sæbýli er með starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti og umsókn er í ferli hjá Matvælastofnun. Ég mun senda þér mynd af starfsleyfinu síðar í dag.

- Nánari lýsing á eldiskerfinu, m.a. hvernig er eldisvökvinn hreinsaður og hvernig er komið í veg fyrir að fódurleifar falli ekki til?

Eldiskerfið heitir SustaniCycle TM og er hannað af Sæbýli til þess að ala í sæeyru og hugsanlega fleirri botnlæg sjávardýr á hagkvæman og umhverfisvænan hátt. Kerfið er byggt upp með eldisrennum þar sem eldisrennumnar eru byggðar inn í rekkakerfi þar sem þær eru mjög aðgengilegar til sjónræns eftirlits.

Eldisvökvinn er hreinsaður í uppstremmissú sem tekur bæði grugg og breytir amoníaki yfir í nitriti og nitriti síðan yfir í nítrat. Við teljum að þessar síur séu hæfar til þess fá einkaleyfi á.

Fóðrun á sér stað einusinni á dag og það er fódrað tiltölulega nákvæmlega það magn sem dýrin þurfa. Fóðurstuðull í kerfinu er í kringum 0,7 sem þiðir að mjög lítið af fódri fer til spillis.

- Hvert er magn lífræns úrgangs sem fer til sjávar eftir hreinsun?

Miðað við fóðurstuðul 0,7 þá þarf 49 tonn af fódri til að byggja upp 70 tonna lífmassa á þremur árum. Af þessum 49 tonnum af fódri má gera ráð fyrir að minna en tonn falli til sem gruggefni, en það hefur aldrei verið mælt nákvæmlega. Viðtakinn fyrir utan stöðina er opið Atlanshafíð þar sem mikill straumur er og því engin uppsöfnun næringarefna.

- Hver er vatnþörf eldisins og hvaðan er vatnið fengið?

Eldisvökvinn er endurnýttur allt að 90% á sólarhring. Í dag er Sæbýli að dæla 0,5 lítrum á sekúndu. 70 tonna eldi þarf u.þ.b 5 lítra á sekúndu. Í dag er sjó dælt upp í stöðina frá staðsetningu utan við ytri varnargarðinn.

- Gott væri ef uppdráttur fylgir sem sýnir staðsetningu starfseminarinnar og m.a. frárennislípu til sjávar

Frárennilið fer í frárenniskerfi sveitarfélagsins og þaðan til sjávar (sjá hring á korti). Myndin er tekinn á Stórstraumsfjöru.

Jakob Gunnarsson

Sviðsstjóri, umhverfismat / Division Head, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland - Iceland

sími 595 4100, fax 595 4165

jakob@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun